

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu heiti Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfest breytt stjórnarsýsluheiti fyrir sveitarfélagið Ólafsfjarðarkaupstað. Nýtt heiti skal vera Ólafsfjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Seljalandsskóla og Heimalands, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir Seljalandsskóla og Heimaland, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir raðhúsi með 4 íbúðum, stækkun skóla, sundlaug og íþróttasvæði auk núverandi bygginga.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 20. desember 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi utan lögbýla í Sveitarfélaginu Árborg, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og vernda gróður í sveitarfélaginu.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, kanínu, geita og alifugla) er óheimilt í Sveitarfélaginu Árborg öðrum en þeim sem á lögbýlum búa. Búfjárhald utan lögbýla er þó leyft í sérstaklega skipulögðum hverfum að fengnu samþykki landbúnaðarnefndar.

3. gr.

Sá sem stunda vill búfjárhald utan lögbýla sbr. 2. gr., skal senda skriflega umsókn til landbúnaðarnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, sem halda skal, hvernig geymslu skuli háttað og öðru, sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

4. gr.

Telji landbúnaðarnefnd að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er veitir hún leyfi til búfjárhalds. Leyfisveiting búfjárhalds skuldbindur þó ekki Sveitarfélagið Árborg til að sjá búfjáreigendum fyrir beitolandi handa búfénu né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhalds.

Leyfi til búfjárhalds er veitt til ákveðins tíma en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Samþykkið er háð gildandi lögum og reglum um búfjárhald eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann að öllu leyti ábyrgð á því.

5. gr.

Allar lögskipaðar læknismeðferðir á búfénaði, svo sem garnaveikibólusetning, sauðfjárböðun og annað sem upp gæti komið, skulu framkvæmdar á ábyrgð landbúnaðarnefndar en á kostnað búfjáreiganda.

Um fjallskil af búfé og landi í Sveitarfélaginu Árborg fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og ákvæðum í fjallskilasamþykkt fyrir Árnassýslu austan vatna nr. 408/1996.

6. gr.

Óheimilt er að halda búfé, nema að hafa fyrir það hús sem samræmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitoland og fóður fyrir búfé sitt og skal hann tryggja góða meðferð þess.

Gangi búfé úti á vetrararbeit skal eigandi eða umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu.

7. gr.

Landbúnaðarfulltrúi heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Umsóknum um land til beitar eða slægna skal senda til landbúnaðarfulltrúa sem úthlutar landi samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar.

8. gr.

Lausaganga búfjár er bönnuð innan þéttbýlismarka á Eyrarbakka, Selfossi og Stokks-eyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Komist búfé inn á friðuð svæði þrátt fyrir viðurkennda griphelda vörslu skulu vörslu-aðilar lands ábyrgjast handsömun og ráðstöfun þess í samræmi við almenn ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og sérstök ákvæði í

viðkomandi fjallskilasamþykkt. Enn fremur geta þeir, sem fyrir ágangi verða, látið hand-sama ágangsfénað, og skulu þeir tilkynna landbúnaðarfulltrúa um hann tafarlaust.

9. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan bújarða og svæða sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

10. gr.

Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beiti- og slægjulönd eru tilgreindar reglur um umgengni um landið.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 13. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari tíma breytingum.

12. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um búfjárhald í Eyrarbakkaheppi nr. 425/1985 og samþykkt um búfjárhald í Stokkseyrarheppi nr. 477/1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina teljast hafa samþykki landbúnaðarnefndar til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 2002.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2001 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2002. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Eindagi er einum mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.